

## 6. gr.

67

Nefnd sú, er ræðir um í 1. gr., skal kosin þegar eftir gildistöku laga þessara, ef gildistakan fer fram áður en Alþingi því, er lögin samþykkið, er slitið. Ef gildistakan fer fram síðar, skal nefndin þó kosin á Alþingi því, er lögin samþykkið. 11. júní

## 7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Skúli Guðmundsson.*

## L Ö G

68

## um hafnargerð á Raufarhöfn. 11. júní

Vér **Christian hinn Tíundi**, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmaeri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

## 1. gr.

Ríkissjóður veitir til hafnargerðar á Raufarhöfn í Presthólahreppi í Norður-Þingeyjarsýslu, samkvæmt áætlun, er ríkisstjórnin hefir samþykkt,  $\frac{2}{5}$  kostnaðar, eftir því sem fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund krónur — gegn  $\frac{3}{5}$  hlutum frá hafnarsjóði Raufarhafnar.

## 2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 180000.00 — eitt hundrað og áttatíu þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Raufarhafnar kann að taka, gegn ábyrgð Presthólahrepps og sýslusjóðs Norður-Þingeyjarsýslu, en þó aldrei meira en  $\frac{2}{5}$  kostnaðar við hafnargerðina. Tillag úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs eru bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

## 3. gr.

Takmörk hafnarinnar skulu ákveðin af atvinnumálaráðherra í samráði við vitamálastjórn ríkisins og hafnarnefnd Raufarhafnar.

## 4. gr.

Sérhver er skyldur til að láta af hendi lönd og mannvirki, er þarf til hafnargerðarinnar, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo og leyfa, að tekið verði í landi hans hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni og þola þær eignar-

- 68 11. júní kvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaður við matið greiðist úr hafnarsjóði Raufarhafnar. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann þá heimitað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt á sama hátt, af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnað við yfirmat greiði sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meir en nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Raufarhafnar.

#### 5. gr.

Meðfram strandlengjunni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi, nema eftir tilögum hafnarnefndar og með samþykki sveitarstjórnar Presthólahrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefnd beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa, í tvennu lagi, og heldur hafnarnefnd öðru eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til sveitarstjórnar. Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hætta stafi af því. Þessi ákvæði gilda og um þær bryggjur og önnur mannvirki, er þegar hafa verið gerð á hafnarsvæðinu.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 krónum, og getur hafnarnefnd látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

#### 6. gr.

Sveitarstjórn Presthólahrepps fer með stjórn hafnarmálanna, undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

#### 7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni og eignum hennar skal fela hafnarnefnd. Hafnarnefnd skipa 3 menn, kosnir af sveitarstjórn Presthólahrepps. Nefndarmenn skulu kosnir að afstöðnum hverjum reglulegum sveitarstjórnarkosningum.

#### 8. gr.

Eignum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Sveitarsjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs, og sveitarstjórn hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

#### 9. gr.

Sveitarstjórn má ekki, án leyfis ráðuneytisins, selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðs, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði greidd aftur af tekjum þess árs, er fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta greiðslutímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem svo eru stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

#### 10. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við dýpkun hafnarinnar og byggingu og viðhald hafnarvirkja, svo og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar, er heimilt að innheimta gjöld þau, sem hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Gjöld af skipum og bátum, er hafna sig á Raufarhöfn, og farmi þeirra:
  - a. Lestagjald.
  - b. Vitagjald.

- c. Vörugjald. Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land. 68 11. júní
- d. Bryggjugjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
- e. Festargjald af skipum, er nota festar hafnarsjóðs.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir önnur afnot af eignum hafnarinnar skulu ákveðin í reglugerð, er hafnarnefnd Raufarhafnar semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir.

Herskip, varðskip, björgunarskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkvæmt tölulíð 2. a, b, og c.

#### 11. gr.

Nú má álíta, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 10. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hafnarnefnd, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukagjöld allt að 10% á hin ákveðnu gjöld af út- og innfluttum vörum. Gjöld samkvæmt 10. og 11. gr. innheimtir hafnarnefnd, og má taka þau lögtaki.

#### 12. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

#### 13. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir sveitarstjórn áætlun um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Sveitarstjórn skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstökum gjalda- og tekjuliðum.

#### 14. gr.

Nú hefir sveitarstjórn í hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er á, svo að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar frá sér fara.

#### 15. gr.

Komi það í ljós, þegar fram á árið líður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunarinnar, eða fara fram úr áætludum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það sveitarstjórn í tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að víkja megi frá áætluninni. Fyrr má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhallans.

#### 16. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu líðna ári og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og reikninga sveitarinnar.

#### 17. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hafnarnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættalausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðkomandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða

68 sektir fyrir brot gegn henni, 20—1000 krónur. Sektir samkvæmt lögum þessum 11. júní renna í hafnarsjóð.

18. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.).

*Skúli Guðmundsson.*

69

11. júní

## L Ö G

### um bráðabirgðabreyting nokkurra laga.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

1. Framkvæmd laga nr. 50 10. nóv. 1913, um að landssjóður leggi landsbankanum til 100 þús. kr. á ári næstu 20 ár, er frestað til ársloka 1939.
2. Tekjur eftir lögum nr. 56 31. maí 1927, um skemmtanaskatt og þjóðleikhús, renna í rikissjóð til ársloka 1939.
3. Tekjur eftir lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki, skulu renna í rikissjóð til ársloka 1939.
4. Framkvæmd annarar og þriðju greinar laga nr. 45 10. nóv. 1913, um bjargráðasjóð Íslands, er frestað til ársloka 1939.
5. Kennslueftirlit það, sem ræðir um í 6.—8. gr. laga nr. 35 19. maí 1930, fellur burt til ársloka 1939.
6. Framkvæmd c-liðar í 8. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, er frestað til ársloka 1939.
7. Ríkisstjórninni er heimilt að fresta til ársloka 1939 framlögum samkvæmt 5. gr. laga nr. 34 19. júní 1933, um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt og fleira, til þeirra kaupstaða og verzlunarstaða, sem ekki leggja tilskilinn hluta á móti ríkisframlaginu og framkvæma ekki malbikun á árinu 1939.
8. Á árinu 1939 leggur rikissjóður ekki fram til ræktunarsjóðs Íslands þann hluta útflutningsgjalds, sem ræðir um í 12. gr. laga nr. 63 28. jan. 1935.
9. Á árinu 1939 skal frestað framkvæmd laga nr. 98 19. júní 1933, um læknishéraða- og prestakallasjóði. Þó skulu 2000 kr. renna til prestakallasjóðs á árinu.
10. Á árinu 1939 fellur niður starf gengisnefndar og launagreiðsla til hennar, sam-anber lög nr. 48 4. júní 1924 og lög nr. 9 27. maí 1925.
11. Á árinu 1939 skal ekki verja hærrí fjárhæð úr rikissjóði til búfjárræktar, sam-anber lög nr. 32 1931, en 62000 kr. Landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við búnaðarfélag Íslands, hvernig þessum sparnaði verði náð.